



## 1514. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
14.9.2011, kl. 12:00

Frímann Ari Ferdinandsson

### 1. Fundargerð 1513. fundar

Samþykkt.

### 2. Úttekt á jafnréttismálum innan íþróttafélaga í Reykjavík

Anna Kristinsdóttir og Guðrún B. Jóhannsdóttir frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar kynntu niðurstöður könnunarinnar. Umræður þar sem m.a. kom fram ríkur vilji beggja aðila til að vinna frekar að þessum málum.

### 3. Tímaúthlutanir

Farið yfir stöðu mála. Hefur heilt yfir gengið nokkuð vel en skert fjármagn er þó að skapa togstreitu, bitnar bæði á félögum og almenningi.

### 4. Afreksiþróttamiðstöð

Staða mála kynnt. Stefnt að því að ÍBR, ÍSÍ, KSÍ og sérsamböndin eigi í félagi tæki til mælinga en samið verði við Atlas til tveggja ára um að sjá um reksturinn. Unnið að greiningu á hvaða mælingar þarf að framkvæma og hvaða tæki vantar. Verið að skoða hvernig gangaskráningu verði háttað og í því sambandi rætt mikilvægi þess að liggi skýrt fyrir hver á gagnabankann m.a. með tilliti til aðkomu háskóla. Athugasemd kom fram um að ekki hefði í byrjun verið lagt upp með setja reksturinn í hendurnar á einkaaðilum heldur hefði hugsunin verið að reksturinn væri í eigu íþróttahreyfingarinnar.

### 5. Aðild nýrra félaga

- Knattspyrnufélagið Hómer. Öll gögn liggja fyrir, aðild samþykkt.
- Lyftingafélag Reykjavíkur. Lagt fram, fer í farveg.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:20.

Gígja Gunnarsdóttir  
fundarritari